

**218. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 30. janúar 2024 og hófst hann kl. 15:15.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad varamaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2303064 - Samstarf um innleiðingu farsældarlaga**

Samstarfssamningur, milli mennta- og barnamálaráðuneytisins og Akraneskaupstaðar um áframhaldandi stuðning vegna forystuhlutverks við innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, hefur verið undirritaður.

Er framlag ráðuneytisins það sama 2024 og árið áður eða kr. 9.000.000 og kemur til viðbótar því framlagi sem greitt er á grundvelli reglugerðar um framlög til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna árið 2024.

*Lagt fram til kynningar.*

**2. 2401366 - Svæðisbundið samráð gegn ofbeldi og afbrotum á Vesturlandi**

Formleg beiðni um þátttöku í svæðisbundnu samráði gegn ofbeldi og afbrotum á Vesturlandi.

*Velferðar- og mannréttindaráð lýsir ánægju með vilja lögreglustjórans á Vesturlandi um að hefja svæðisbundið samráð gegn ofbeldi og afbrotum á Vesturlandi. Akraneskaupstaður mun taka þátt í því samráði í því skyni að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúanna og tryggja þjónustu fyrir þolendur ofbeldis á svæðinu.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15.**

Kristinn H. Sveinsson  
Einar Brandsson  
Liv Aase Skarstad  
Hildigunnur Árnadóttir  
Sveinborg Kristjánsdóttir